

Föstudaginn 16. nóvember 1945.

Nr. 1/1945. **Anna P. Helgadóttir** (Eggert Claessen)
gegn

Einari M. Einarssyni og gagnsök
(Sigurgeir Sigurjónsson).

Búskipti hjóna. Ágreiningur um séreign.

Dómur hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson, borgarfégeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 2. janúar þ. á. Krefst hún þess, að ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar um húsmuni í búi aðilja verði staðfest, en hálf húseignin nr. 10 við Grundarstíg í Reykjavík verði dæmd séreign hennar. Hún krefst og málskostnaðar fyrir báðum dómum úr hendi gagnáfrýjanda eftir mati hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 15. febrúar þ. á.

Hann gerir þær dómkröfur:

- 1) að ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar um eignarrétt að hálfri húseigninni nr. 10 við Grundarstíg verði staðfest.
- 2) að áletraðir munir, vindlakassi og vindlingaveski úr silfri, er greinir í viðbótarkaupmála frá 21. október 1932, verði dæmdir séreign hans.
- 3) aðallega að allir aðrir húsmunir aðilja, en til vara, að húsmunir þeir, er eigi eru greindir í kaupmálum, komi til jafnra skipta.

Svo krefst hann málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Það verður ekki talið sannað, að húseign sú, er í málinu greinir, hafi verið fengin fyrir séreign aðaláfrýjanda, sbr. 3. tölulið 23. gr. laga nr. 20/1923, og ekki var eign þessi gerð séreign hennar með kaupmála, sbr. 29. gr. sömu laga. Ber því að staðfesta að efni til ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar um húseign þessa.

Ekkert hefur komið fram, er hnekki gildi kaupmála þeirra, er aðiljar gerðu með sér 18. nóvember 1929 og 21. október 1932. Eru því húsmunir þeir, er þar eru taldir, þ. á m. áður nefndir silfurmunir, séreign aðaláfrýjanda. Hins vegar eiga húsmunir aðilja, sem eigi eru greindir í kaupmálanum og um er deilt, að koma til jafnra skipta.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Það er aðfinnsluvert, að skiptaráðandinn hefur við meðferð málsins eigi fyllilega gætt ákvæða 105., 106., 109. og 110. gr. sbr. 223. gr. laga nr. 85/1936.

Því dæmist rétt vera:

Hálf húseignin nr. 10 við Grundarstíg í Reykjavík á að koma til jafnra skipta milli aðilja, Önnu P. Helgadóttur og Einars M. Einarssonar.

Húsmunir, sem taldir eru í kaupmálum aðilja frá 18. nóvember 1929 og 21. október 1932, eru séreign aðaláfrýjanda, Önnu P. Helgadóttur. En öðrum húsmunum aðilja, sem um er deilt, skal skipt að jöfnu milli þeirra.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 16. desember 1944.

Í skiptaréttarmáli þessu, sem tekið var undir úrskurð 29. f. m., er ágreiningur milli aðiljanna, Einars M. Einarssonar fyrrv. skipherra, Grundarstíg 10 hér í bæ, og konu hans, frú Önnu Petreu Helgadóttur, sama stað, um skiptingu eigna þeirra, en þau hafa áformað að skilja að borði og sæng. Telur konan, að hún eigi séreign alla húsmuni, sem í búinu eru samkvæmt kaupmála, gerðum 18. nóvember 1929, og viðbótarkaupmála, dagsettum 22. október 1932. Þá telur hún og, að $\frac{1}{2}$ húseignin nr. 10 við Grundarstíg sé séreign sín og félagsbúinu óviðkomandi, og hefur hún mótmælt því, að nefndar eignir verði skrifaðar upp.

Maðurinn heldur því hins vegar fram, að umræddir kaupmálar hafi aðeins verið gerðir í því augnamiði að tryggja konunni húsmunina gagnvart öðrum erfingjum eftir sinn dag, en alls ekki ætlað til þess, að þeir giltu milli hjónanna, ef til hjónaskilnaðar kæmi. Hefur hann gert þá aðalkröfu í málinu, að allt það, sem

tilgreint er í kaupmálunum, verði skrifað upp og skipt að jöfnu milli hjónanna eða að minnsta kosti þeir munir, sem eigi eru sérstaklega tilgreindir í kaupmálanum, en til vara, að hann fái silfur-muni þá, sem greindir eru í viðbótarkaupmálanum, enda beri munir þessir það með sér samkvæmt áletrun á þá, að þeir séu heiðursgjafir til sín persónulega fyrir vel unnin störf í þágu gefendanna. Þá hefur hann og fastlega haldið því fram, að $\frac{1}{2}$ húseignin Grundarstígur 10 sé eign félagsbúsins.

Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Í kaupmála aðiljanna, dagsettum 18. nóv. 1929, eru allir innanstokksmunir, hverju nafni sem nefnast og tilgreindir eru á viðfestum lista, séreign konunnar og einnig þau húsgögn og innbú, sem þau í framtíðinni kunna að eignast. Með kaupmála þessum gefur maðurinn jafnframt konunni 2000 krónur í peningum, og er henni heimilt að ráða yfir þeim sem sinni séreign, og skal allt það, er hún kann að kaupa fyrir þá peninga, og vera séreign hennar. Með viðbótarkaupmála, dagsettum 21. október 1932, verður og séreign konunnar auk ýmissa innanstokksmuna meðal annars vindlakassi og vindlaveski úr silfri, en það eru áletraðir munir þeir, sem mannum voru gefnir sem heiðursverðlaun fyrir vel unnin störf í þágu gefendanna og varakrafa hans nær til.

Telja verður, að umræddir kaupmálar séu gildur samningur milli aðiljanna eigi aðeins um þær eignir, sem beinlínis eru taldar þar upp, heldur líka þá húsmuni, sem þau hafa eignast í hjúskap sínum, og þau verðmæti, er konan kann að hafa aflað sér fyrir þær 2000 krónur, er kaupmálinn getur um, enda er með öllu ósannað gegn neitun konunnar, að samið hafi verið um nokkrar takmarkanir á gildi kaupmálans. Eigi verður heldur talið, að máli skipti, þótt nafn mannsins sé skráð á muni þá, sem í kaupmála greinir, og þótt þeir séu persónulegar gjafir til hans, því ekki er annað séð en hann hafi haft fullkominn ráðstöfunarrétt yfir þeim sem öðrum eignum sínum. Verður því að fallast á þá kröfu konunnar, að húsmunir þeir, er getið er í skiptaréttinum 22. september síðastliðinn, séu hennar séreign og verði eigi skrifaðir upp né skipt sem félageign aðiljanna, og er því hvorki aðalkrafa né varakrafa mannsins í því efni tekin til greina.

Það er fram komið í skjölum málsins, að fröken Hólmfríður Helgadóttir, Grundarstíg 10, keypti á árinu 1928 alla húseignina nr. 10 við Grundarstíg af þáverandi eiganda hennar, Magnúsi Péturssyni bæjarlækni, og mun afsal hafa verið gefið út fyrir eigninni, án þess þó að það væri þinglesið. Þann 22. nóvember 1929 afsalar Magnús Pétursson bæjarlæknir systrunum, áðurgreindri Hólmfríði og Önnu systur hennar, konu Einars M. Einarssonar, þessari sömu húseign, og mun þá fyrra afsalið hafa verið eyðilagt, en afsal þetta var þinglesið á bæjarþingi Reykjavíkur 28.

sama mánaðar. Heldur konan því fram, að hún hafi keypt eign þessa fyrir þær 2000 krónur, er hún eignaðist sem séreign, þegar kaupmálinn frá 18. nóvember 1929 var gerður, og sé hálf húseignin því séreign sin og félagsbúinu óviðkomandi. Styður hún mál sitt við framtal eiginmanns síns til tekju- og eignarskatts, þar sem sum árin er skráð, að húseignin sé séreign konu. Þá hefur hún og stutt mál sitt með vottorði Eyjólf Kolbeins, mágs síns, en hann hefur haldið því fram, að það hafi verið beinlinis svo um talað, að sá helmingur húseignarinnar, sem afsalaður var konunni, skyldi vera séreign hennar.

Maðurinn hefur hins vegar haldið því fram, að húseign þessi væri eign félagsbúsins, enda myndi eignin að sjálfsögðu hafa verið tekin upp í annan hvorn kaupmálann, ef tilætlunin hefði verið sú, að hún yrði séreign konunnar. Neitar hann því með öllu, að þær 2000 krónur, er greinir í kaupmálanum, hafi verið greiddar upp í kaupverð hússins, og heldur hann því fram, að konan hafi aldrei fengið þessa peninga. Telur hann, að þessi helmingur hússins hafi verið skráður á nafn konunnar í þeirri trú, að skattar yrðu við það lægri á félagsbúinu, en alls ekki í þeim tilgangi, að það yrði séreign konu sinnar, enda hafi hann alla tíða séð um greiðslur af áhvilandi lánum, bæði vexti og afborganir, og greitt það úr eigin vasa og þar með taldar þær 9000 krónur, sem hann greiddi af áhvilandi láni við Landsbanka Íslands 15. maí 1931. Þá telur hann og, að framtöl sín til tekju- og eignarskatts geti eigi ráðið neinum úrslitum í máli þessu, og hefur hann mótmælt fram-
burði Eyjólf Kolbeins hér fyrir réttinum sem röngum, að því er snertir eignarréttinn að húshelmingnum.

Það er komið fram í máli þessu, að $\frac{1}{2}$ húseignin nr. 10 við Grundarstig er á nafni konunnar og hefur verið alla tíð, frá því að afsal var gefið þann 22. nóv. 1929. Hins vegar hafa hjónin ekki getið húseignarinnar í kaupmálanum frá 18. s. m. né heldur í viðbótarkaupmálanum frá 21. okt. 1932. Það er ósannað, að konan hafi lagt fram af sinni séreign fé til kaupanna, en aftur á móti fram komið, að maðurinn hefur staðið straum af öllum greiðslum af húsinu. Framtal mannsins til tekju- og eignarskatts fyrir árin 1929—1944, að báðum meðtöldum, er á reiki, hvað snertir eignarrétt að þessum helming húseignarinnar. Á sumum skýrslum er húseignin talin séreign konu, en á sumum þeirra er hvergi á það minnst, og síðustu árin 1940 til 1944 er húseignin ekki talin séreign konu.

Samkvæmt því, sem hér að framan segir, verður að telja, að umræddur húshelmingur sé eign félagsbús hjónanna og beri því að skrifa upp og taka til skiptameðferðar sem sameign þeirra.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Þvi úrskurðast:

Allir húsmunir í búi hjónanna Einars M. Einarssonar og Önnu Petreu Helgadóttur skulu teljast séreign konunnar og félagsbúi þeirra óviðkomandi.

Hálf húseignin Grundarstigur 10 skal teljast eign félagsbúsins og takast til skiptameðferðar sem sameign hjónanna. Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 19. nóvember 1945.

Nr. 63/1945. Réttvísinn og valdstjórnin

(Stefán Jóhann Stefánsson)

gegn

Stefáni Agnari Magnússyni, Halldóri Randver Þorsteinssyni, Haraldi Þorsteinssyni og Snorra Sturlusyni (Egill Sigurgeirsson).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Fjársvik, skjalafals, þjófnaður og ólögleg áfengisneyzla.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó svo, að refsing ákærða Halldórs Randvers Þorsteinssonar verði fangelsi 5 mánuði og ákærða Haralds Þorsteinssonar fangelsi 6 mánuði.

Ákærðu Stefán Agnar Magnússon, Halldór Randver Þorsteinsson og Haraldur Þorsteinsson greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 500 krónur til hvors.

Það er aðfinnsluvert, að rannsókn málsins er ekki svo rækileg sem skyldi. Ekki sést, að sakborningum hafi verið stíað í sundur, meðan á rannsókn stóð, og hvorki hafa þeir verið samprófaðir nægilega sín á milli né við kærandann, Þorstein Þorsteinsson.